Stephán Guðnason.

Rv. 1848.

RÆÐUR

haldnar við útför skólapilts

STEPHÁNS GUÐNASONAR

frá

Ljósavatni.

Útgefnar

á kostnað föðursins.



REYKJAVÍK.

Prentaðar í prentsmiðju landsins, af H. Helgasyni,

1848.



1.

HÚSKVEÐJA

haldin í Reykjavíkurskóla þ. 14. Jan. 1847.

af

skólakennara **Jens Sigurðssyni.**

Þessi varð skilnaður hans og vor — hann varð ekki sá, að hann þreytti með oss, sem hèr hlaupum, skeiðið til enda og geingi svo úr fèlagi voru til annarar lífsins stöðu og útá önnur lífsins skeið til að leggja stein í hina miklu byggíngu, sem mannlegt fèlag starfar að — nei! þessi varð skilnaður hans og vor — þessi, að dauðinn hreif hann nú þegar, að hann var kvaddur til að gánga um hin dimmu gaung til annara og æðri bústaða. Mold hans hlýtur nú að hverfa til jarðarinnar aptur, en andinn er hjá guði, sem gaf hann, hann er ósýnilegs eðlis og oss því hulinn; hún mun og einnig þegar hverfa augum vorum, en er hèr enn framni fyrir oss í þessari dökku kistu, búin hèðan til guðs húss og hinnar vígðu moldar, þar sem raust kirkjunnar tekur við henni, og lýsir blessun sinni yfir henni í seinasta sinni. Oss þykir því ekki annað mega vera og tilfinníng vor knýr oss til þess, að einhver rödd hljómi að skilnaði þar sem hann átti dvöl, í nafni

fèlags þess, sem hann var í, í nafni skólans, sem hann sat í.

Það er ekkert það heimili, ekkert það fèlag, eingin sú mannleg sambúð, að hjörtun verði þar ekki hnuggin og döpur, þegar óvinur lífsins snertir þar einhvern kaldri hendi, hvort sem hann gjörir það hægt eður óðt, og leggur hann örendan. Líf þeirra, sem unnast og líkt er ákomið með, eru jafnvel opt og tíðum svo samgróin, að þau næstum slokkna undir eins og halda sèr hvorugt án annars. Eins eru líf þeirra, sem saman búa og saman starfa, og sem að öðru leyti líkt er á komið með, svo nákomin og nátengð, að hvort þjáist með öðru og gleðst með öðru, að banabroddur eins stíngur hin sárt og tilfinnanlega, þó hann ekki kunni að verða banvænn. Hèr, á þessu heimili, í skólanum á það, sem hèr er sagt, sèr öllu fremur stað, enn annarstaðar. Því annarstaðar eru víðast í sambúðinni menn á ýmsum aldri, börn, miðaldra menn og gamalmenni, og þar sem svo er, verður jafnfremur við því búist, að einhvern hitti þar banaspjótið, og sè það gamalmennið, sem fyrir því verður, þá þykir það eðlilegt, og sè það barnið, þá er þar ómagnað líf, sem lítið getur af sèr borið. En hèr, þar sem er broddur lífsins, hèr er broddur dauðans tilfinnanlegri; hèr, þar sem æskumenn eintómir eru samankomnir, þar sem lífið streymir hvað óðast og dauðinn næstum virðist útlægur gjörr; hèr er bæði stríðið við hann stórkostlegra og sjón hans ískyggilegri. Stríðið er stórkostlegra, sem von er, þar sem vinna er á fullu og frísku lífsfjöri, sem að vísu sá einn finnur hezt, sem ber, en sem þó um leið hryggir hina fjörugu tilfinníngu, og sjón hans verður ískyggilegri, því hinn únga uggir síður enn aðra fyrir slíku, og hann á bágra með, að hyggja á þessa leið. Slíkt hefur þó nú að borið, er einn af

skólans lærisveinum, *Stephán Guðnason,* er andaður eptir lánga legu; hann bar þjáníngu sína með stöðuglyndi og tóku bræður hans þátt í henni með honum, að því er þeim var unnt; þeir eru nú hryggir, bæði af því, að þeir mistu einn bróður, og einkum af því, þeir mistu í honum góðan bróður vèr erum allir hryggir, því hann hafði þá kosti marga til að bera, sem afla hverjum manni ástar og vinsælda hjá þeim, sem hann lifir með; hann var gæfur ýngismaður og ljúfur, tryggur og fastheldinn, og kom það jafnt fram við alla, sem einstaka; hann hafði næma ást á öllu, sem gott var og fagurt; gáfur hans voru farsælar, siðsemin ágæt, iðni og ástundan hans við verk sitt óþreytanleg, og hafði hann þegar lokið bókmentaiðnum sínum hèr. Dauða atvik eru að vísu ógeðfeld, og einkum hèr, en vèr getum þó ekki brugðist ókunnuglega við þeim, því þessi er leið alls holds og eingin önnur, því til þessarar gaungu eru menn kvaddir á ýmsum aldri, bæði úngir og gamlir án greinarmunar, og þau eru ekki nauðsýnleg einúngis, þau eru og í margan máta nytsamleg og vekjandi fyrir þá lifendu, og getur það verið á ýmsan hátt, eptir stöðu þeirra og ásigkomulagi. Þau vekja hjá hverjum manni trú og tilbeiðslu, og þar tekur kirkjunnar rödd undir, og hjúkrar hinu hrelda hjarta með huggun og von. En hèr, þar sem dauðinn hefur svipt bræður bróður, hèr hlýtur atvikið meðfram að vekja aðrar tilfinníngar og upphvatníngar. Lífið er veikt og fallvalt — hljóta bræðurnir að hugsa — herðum á ástarböndum þeim, sem teingja oss alla saman; vèr erum eitt, því sömu tilfinníngar hrífa oss alla, þeirri eining skal dauðinn ekki sundra; vér erum hèr allflestir fjærri foreldrahúsum á krossgötum lífsins, fjærri lífsvinum vorum, og eru því sjúkleiki og dauði oss hèr harðari að-

komu, enn ella; verðum því hver öðrum að lífvinum og gróðursetjum hèr hina föðurlegu umönnun og hina móðurlegu viðkvæmni, og köllum það bræðra ást, sem sè rètt, vegleg, björt. Hvern einn okkar getur, þegar minnst varir, hnept sjúkdómur, hrifið dauði; þá mundum vèr helzt kjósa, að hvíla í vinar skauti, að deya í bræðrafaðmi; einum af oss er nú í burtu kippt — sá á frjálst, sem tekur! — en höldum því betur uppá hitt sem eptir er.

Lífið er veikt og fallvalt — hljóta bræðurnir að hugsa — einn af oss er kvaddur burt frá verki sínu hèr til annarar vinnu af drottni allsherjar, tökum þar við, sem hann hætti; guð hafði gefið honum kosti, er vèr möttum mikils og þykir nú sárt í broti að sjá á bak; kostir þessir voru að vísu fyrst að koma í ljós, og voru því, ef til vill, öðrum úti frá lítt kunnir, en vèr, sem vorum fèlagsbræður hans og stóðum honum næstir, vèr þekktum þá bezt, tökum þá og frjófgum þá í oss og látum þá bera ávöxt í veröldinni; höldum minníngu þeirra á lopti, ekki dauðri minníngu þeirra, heldur lifandi; beri oss að lifa, þá ber oss að fræða; oss ber því að fræðast ekki að eins af bókum vísindanna, heldur einnig af bók reynslunnar. Líf þetta er veikt og fallvalt — hljóta bræðurnir að hugsa — metum það því hóflega, og brúkum það rèttilega; yndæl er að vísu tilfinníng lífsins, einhver ljúfasta drottins gjöf er að vísu heilsa og fjör, en annað er æðra, er þetta á að lúta, annað líf ofar, er það á að þjóna, andinn og hið andlega líf; líf vort á sèr helgar skorður, sem það má ekki fella, sætt ok, sem það má ekki af sèr hrista, háleitt mið, sem það á að að stefna; beinum því lífi voru rèttan veg að hinu rètta miði; höfum það hvorki fyrir guð vorn, sem hefði það eilíft mæti og endalausa tilveru; vanbrúkum það heldur ekki með því

að ofurselja það holdi og heimi, með því að gjöra það að eldsneyti girnda og ginnínga, látum það ekki bera oss ofurliða, en fæðum það og nærum til þjónkunar sínum rètta herra, og sækjum með því fjársjóðu andans úr filsnum vitskunnar, og lyptum með því anda vorum í hæðirnar, hvert hann stefnir; þar til var það gefið, þar til skal það og brúkast. Lífið er veikt og fallvalt — hljótum vèr allir að hugsa — vinnum því meðan dagur er, nóttin kemur og með henni er vinnutíminn úti, en dagur rennur eptir þessa nótt, eða eyða nóttin og svefnin lífinu, endurlífga þau það ekki miklu fremur? og mundi þá ekki með nýum degi verða tekið þar til vinnu, sem áður var hætt? mundi ekki rètt og sönn brúkun hins undanfarna dags verða hverjum holl og heillarík? mundi ekki vanrækt hans og vanhirðíng eða vanbrúkun, verða hverjum hættuleg og háskaleg. Dauða atvikin tala þetta við oss; látum oss því tala það aptur hvor við annan.

En stundin er nú þegar komin, að þú, framliðni æskumaður! verður borinn frá oss úr húsi þessu, til guðs húss, þar sem vèr munum heyra orð trúarinnar og vonarinnar hjá orðsins kennara, sem eiga við hinar aðrar tilfinníngar hjarta vors, er vakna í hverri mannlegri sálu við andlát meðbræðra sinna. Vèr fylgjum þèr þángað, og enn þaðan til hvíldarstaðar þíns og hverfum síðan aptur til starfa vorra. En vèr berum þèr þó hèr í einum anda og í einu hljóði saknaðarkveðju vora — sælan búi með anda þínum; friðurinn hvíli yfir moldum þínum!

II.

LÍKRÆÐA

haldin í Reykjavíkur dómkirkju þ. 14. Jan. 1847.

af

Dómkirkjupresti Hr. **Á. Johnsen.**

Postulinn Jakob frammsetur á einum stað þessa spurníngu: hvað er mannsins líf? og hann svarar sèr sjálfur: reikur sem sjest um stund, en hverfur svo.

Ó, hversu opt sjáum vèr það viðbera, sem mjög eptirtakanlega minnir oss á sannleika þessara helgu orða? því án afláts heldur dauðinn áframm yðju sinni á þessa lífs skeiðvelli, hrífur með sèr hvern eptir annan úr hópi dauðlegra. Og þó að víst sè um það, að ekkert augnablik líði svo, að ekki alltaf nýir og nýir af kvinnu fæddir líti ljós þessa heims, svo líður heldur ekkert augnablik svo, að ekki sèu alltaf aðrir, sem fyrir því til fulls apturlikji augum sínum; en hvar eða hvernig drottinn af hvorjum fyrir sig krefjast muni sálar hans, það veit einginn. Þó að þar fyrir fráfall eins manns, sè einhver sá algeingasti atburður, og oss vanans vegna sem optast lítið þar við bregði, þá er samt því fráfalli sem hèr er skèð svo varið, að það öðrum fremur fær á oss, ollir oss sárs trega.

Þèr, kjæru vinir, úr hvorra hóp sá er hrifinn sem hèr liggur andvana, eruð híngað komnir í bezta

blóma yðar lífs, flestir úr fjarlægum hèröðum. Fjörmikill, glaðvær æskuhugur fyllir brjóst yðar, því ár eru fá á baki, og þèr finnið hjá yður hreifa sèr þá krapta, sem geta, sem eiga að æfast, framförum að taka. Þèr eruð á þeim aldri, sem er miðt á milli þeirra ára, á hverjum strángur agi á heima, og þeirra ára, þá maðurinn hefur tekið sèr fasta stöðu í lífinu, feingið sinn afmarkaða reit. Yðar líf er þar fyrir svo óbundið, sem það ekki fyrri var, ekki seinna verða mun. Skiljið þetta samt ei svo, sem yðar líf við ekkert lögmál bundið sè: þó þèr lausir sèuð við band barnsagans, eruð þèr samt bundnir við það lögmál, sem býr í brjósti hvers manns, sem einginn getur lítils metið, sem ekki er háður andlegri blindni, sem einginn getur misskilið, sem nokkurt skynbragð hefur, sem einginn getur fótum troðið, sem ekki er gjörspilltur. Og þetta lögmál er eitt, eins og sá er einn, sem það hjá oss ritað hefur, andanna eilífi faðir, faðir ljóss og lífs; það er lögmál ens sanna, góða og fagra.

Já, þetta, hið sanna, góða og fagra er það, sem á að vera líka sem sálin í öllu lífi voru, það eigum vèr að aðhillast, við það að halda fast, því til varnar að berjast við vafa og villu, við allt sem íllt er og ljótt. Þó yður ekki enn nú sè afmarkaður neinn viss vinnureitur í mannlegu fèlagi, eruð þèr samt vissum skyldum bundnir: til þess eruð þèr komnir á þann stað, hvar þèr nú eruð, að þèr þar æfast skulið og þannig undirbúast, að þèr á síðan verðið landi og lýð til sóma og gagns; en þar til útheimtist ekki einúngis framför í þekkíngu, heldur líka í allri andlegri fullkomnan. Mikil þekkíng er að vísu mikilsverð, en þá fyrst er hún í fullu gildi, þegar henni er samfara sannkristið hugarfar, dygðugt framferði. Þetta er þar fyrir það mið, sem yður allt af

á að standa fyrir hugskots sjónum, að hverju þèr jafnt og stöðugt stefna eigið, ef seinna meir í lífi yðar sjást eiga dýrðlegar menjar yðar skólaveru, ef þèr með gleði eigið að geta til hennar hugsað. Þetta er líka það augnamið, í hverju vinir yðar og vandamenn hafa yður híngað sendt, að þèr gætið þessa, er það sem þeir af yður krefjast. Og eptir því sem þèr allir yfirhöfuð, og hver í sínu lagi fremur þessa gætið, eptir því verða þær vonir dýrðlegri, sem fræðarar, vinir og vandamenn gjöra sèr um yður, gjöra sèr um það, að þèr verða munið, ekki einúngis sèr, heldur föðurlandi sínu til sóma og gagns, já guðs ríki til eflíngar, svo sannarlega sem vèr allir erum guðs verkamenn, brúka eigum allar gáfur vorar, alla krapta honum til þjónustu, honum til dýrðar.

Þessvegna er það líka að hjarta vort fyllist svo sárum trega, er vèr sjáum þessar vonir, og það stundum þegar þær hvað fegurst ljóma fyrir augum oss, af dauðans náköldu hendi allt í einu að eingu gjörðar; er vèr sjáum dauðann niðurrífa þá tjaldbúð, í hverri sú sála bjó, er hafði bezta vilja, alvarlega viðleitni á því, þessa að gæta, og þessvegna líka hafði safnað sèr dýrum auð þekkíngar, hverskyns mannkosta.

Að þetta, hjá yðar örenda bróður, kæru vinir! hafi átt sèr stað, þar um ber öllum saman; þar um vitnar jafnt fræðara sem skólabræðra mikli söknuður, þeirra hátíðlega hrigð. Það er að vísu ekki ætíð svo hægt, að rekja spillts hugarfars óglöggar leinigötur, að hitta þau fylsnin, hvar hjartans spillíng dylst; en við lánga viðkynníngu er þetta samt optast vant að koma í ljós, og vor framliðni hafði leingi meðal yðar dvalið; en alla þá tíð hann meðal yðar var, mun dómur yðar um hann hafa verið sá sami; því hann var allt af sjálfum sèr líkur, hugar

farið ætíð stillt og staðfast, framferðið eins; án þess mikið að skipta sèr af öðrum, var allur hans hugur á því, sem bezt að færa sèr í nyt það tækifæri, er honum bauðst til þess, að safna sèr sem mestu af þeim fjársjóðum, sem honum seinna áttu að haldi að koma, af hverjum hann seinna átti öðrum að miðla. Þessvegna ávann hann sèr líka, jafnt hilli fèlagsbræðra, sem þeirra, er yfir hann settir voru. Það var rètt að því komið, að hann yfirgefa ætti yðar hóp; ó, hann hefur hann yfirgefið, þrátt fyrir ítrustu tilraun að viðhalda hans af sjúkdóminum veiktu kröptum, þrátt fyrir nákæmustu umönnun og aðhjúkrun þeirra, sem að honum stóðu, og hann er fluttur úr þessa lífs skóla, til æðri skóla eilífrar tilveru. En þó þeir harmi, sem sakna hans úr hóp sínum, þó þeir harmi, sem sakna bezta mannsefnis, er líklegt var að mundi verða föðurlandinu til sóma og gagns, þá má nærri geta, að þeirra harmur muni ekki hvað minnstur, sem við þetta fráfall mistu, svo að segja sinn einka son, hvorra mesta yndi, hvorra sómi hann var, sem svo miklu höfðu kostað til hans menníngar, svo hart hans vegna á sig lagt. Að líf hans hafi í hættu staðt verið, það mun þeim að vísu nú vart til eyrna komið, að það sè slokknað, að vèr nú leggja ætlum hans jarðnesku leifar í jarðarinnar skaut, það mun þá öldúngis ekki gruna, þegar þeir fá það að heyra, mun hann leingi hvílt hafa í þeirri köldu dimmu gröf. Ó, hversu sárt mun þetta sverð særa hjarta þèirra, hversu sárt mun þeim svíða, að sjá sína fegurstu, sína indælustu von, þannig allt í einu sèr horfna, rètt í því hún ljómaði sem fegurst, sýndíst ætla út að springa, og að þetta svo þar á ofan skyldi aðbera á fjarlægum stað, að þeim ekki einusinni skyldi veitast sú hugfróun, að svala sínu kærleiksfulla hjarta á því, að hjúkra honum á

hans banabeð í hinsta sinni, að apturloka augum hans, að vera við og sjá hvar þeir lögðu hann.

En þennan sviða er það einúngis eitt sem fær mýkt: trúin á honum, hvers hugsanir og vegir ekki eru vorar hugsanir, vorir vegir, heldur svo miklu hærri sem himininn er jörðunni, en þó ætíð speki og náð, gæðska og trúfesti, og það einnig þá, er vort skammsýna auga ekki fær grillt þar til, ekki skilist það. Já, eins og vor framliðni sjálfur mun við þetta kannast hafa, eins og þessi trú mun hafa veitt honum stirk til þess, að bera sjúkdómsins miklu, lángvarandi þjáníngar, að sigra þann seinasta óvin, eins mun hún líka hjálpa þeim, sem við þetta fráfall næst er höggið til þess með sannkristnu hugarfari í botn að útdrekka þennan kvalakaleik; sjálfur guð mun í nað til þeirra líta, með sínum stirkleika vera þeim nálægur á þessari hörmúnga tíð; hann mun veita þeim náð til þess, með rósamri undirgefni að bera þetta mikla mótlæti, að hressa af sèr við tilhugsan þeirrar dýrðlegu arfleifðar, sem öllum þeim er geymd, er i drottni lifðu, í drottni dóu, að hugga sig við þá indælu von, að þó vegir ástvina skilji um stund, muni fundum þeirra samt aptur saman bera í eilífðarinnar bústöðum, hvar einginn skilnaður framar stað hefur, ekki skilnaðar-tár.

Og nú viljum vèr segja skilið við þessar líkamsleifar, snúa augum vorum frá þessum dauðans sorglegu handaverkum, og hverfa aptur til vorra starfa. En vèr fáum ekki skilist svo við þessar líkbörur, við þann kirrláta reit, hvar vèr munum þær niðurleggja, og sem svo margan geymir í skauti sèr er hèðan kallaðist, eins og þessi vor framliðni, með óveiktum kröptum, í blóma síns lífs, án þess alvarlega að láta oss til hugar koma lífsins alvöru, þann reikníngskap, sem vèr allir standa eigum á því, hvern-

ig vèr varið höfum því pundi drottinn lènti oss. Ó, ef það er vor einlæg ósk, að deya drottni, nær sem hann kallar oss, svo látum oss líka ástunda að lifa honum, meðan það enn þá heitir í dag. Látum oss ávalt vakandi vera og árvakra, dyggilega stríða og starfa meðan dagur er. Látum oss ekki gleymast það, er vèr að oss drögum vísindanna dýrðlegu fjársjóðu, jafnframt að afla oss trúarinnar dýrgrips, og með hennar hjálp að leita guðs ríkis og hans rèttlætis. Látum oss nota tímann, meðan tími gefst, hann stendur ekki við, fæst ekki aptur, og leggja góðan grundvöll fyrir seinni tímana, svo vèr á síðan getum á hann byggt, kröptuglega hjálpað til að guðs ríki á jörðu framgeingt verði. Því þegar nóttin þá kemur, er einginn fær aðhafst, þá mun leið vor liggja, ekki til þeirra dimmleitu bústaða, hvar ótti og ángur býr, heldur til lífsins og friðarins fögru heimkynna, hvar eilífur dagur ljómar.

Morgun þessa dags er fyrir þèr upprunninn, sæli framliðni, áður enn hádegi þíns lífs hèr var komið. En þann guð, til hvers vèr hèr í trúnni mænum, hann munum vèr þàr líta augliti til auglitis. Hann blessi þig og varðveiti, hann láti sína ásjónu lýsa yfir þig og sè þèr náðugur, hann upplypti sínu augliti yfir þig og gefi þèr frið. Amen.



H. S. E.

Stephanus Gudnii filius

natus a. d. Kal. Jan. 1821;
alumnus scholæ Bessastadensis 1841—45.
Reykvikanæ 1846 ad a. d. VI. Id. Jan. 1847,
quo die morbo diem obiit supremum,
adolescens probi et candidi ingenii
indefessæque industriæ.

Sic cadit in terræ, spirantibus acrius euris,
Explicitis nondum floribus, herba sinum;
Ut denuo, postquam vitales hauserit auras,
Lætius emergens tollat ad astra caput.

S. Egilsson.

þ. e. Hèr er lagður *Steffán Guðnason,* fæddur 1. Jan. 1821, lærisveinn í Bessastaðaskóla frá 1841 til 1846, dó í Reykjavíkurskóla 8. Jan. 1847. Þelið var gott, hugurinn hreinn, iðnin óþreytandi.

Fellur og eins til foldar
fagurt úng-gresi tíðum,
frostvindum lostið, fyrri
en full-blómgað væri;
Aptur svo lífblæ lífgað
lypti blómknappi fríðum
hærra mót himni', og fegra
höfuð af jörðu reisi.

I.

Saknaðarstef skólapilta
við lát
Stefáns Guðnasonar.

---

1. Stundin er komin —
kalli alföðurs
dapur dauði
án dvalar gegnir;
bendir hann boga,
bana - örin
flýgur og hittir
hinn feiga mann.

2. Stundin er komin —
kaldar náraddir
bergmála djúpu
dauða - hljóði.
Stundin er komin —
kaldur hrollur
leitar við rödd þá
um lífið gjörvalt.

3. Stundin er komin —
kaldur dauði
á fallins fjör - roða
fölva dregur,
syrtir fyrir augum,
sólin hverfur.
dagur deyr,
deyanda sjónum.

4. Stundin er komin —
kaldan líkama
bróður burtu
bera skulum —
var hann oss svo
sem vera hæfir
bróður hverjum
við bróður kæran.

5. Stundin er komin —
kveðjustundin —
skilnaðarstund —
skapadægur —
Híngað var oss,
en ekki leingra
betstum að fylgja
bróður auðið.

6. Híngað einmitt,
sem harmar þúngir
og saknaður framast
fara mega;
híngað, sem dauða —
dúrinn væri
lífi jarðnesku
lýkur öllu.

7. Híngað er oss
þèr unnt að fylgja,
bróður ástkæri,
bræðrum þínum.
Skilur oss hèr —
skeiði huldu
förum vèr móti —
þú fer til sælu.

Fögur skulu blóm
á bróður leiði
sýna seinna meir
hver sè hèr lagður;
þau skulu vökvuð
vina tárum
lýsa því lífi,
sem þú lifir nú.

II.

1. Opt þegar foldu
fögur sunna
skreytir ljósgulli
skærra geisla,
sveiflar sviplega
svörtum mekki
vindur um heiðan
himinboga.

2. Eins er þá alskær
unaðs - röðull
svífur á björtum
sælu - himni,
opt af húmlitum
harma - bólstrum
rökkvar snögglega
að rauna - kvöldi.


3. Bjuggum vèr saman
bræður kátir,
sæl var sambúðin
sveinum úngum;
uggði eingan,
að annars mundi
banasár eigin
brjósti svíða.

4. Syrti að svörtu
sorga - jeli;
dunaði geigvæn
dauða - pruma;
þutu nábyljir,
þrifu burtu
bróðurinn blíða
úr bræðra flokki.

5. Sárt er að vita
viðinn únga
visinn um vordag
að velli hníga,
eða' um hásumar
höfði lúta
hagablóm fagurt,
sem á hausti væri.

6. Sárt er að líta
sjúkdóms undum
alsáran bróður
óvígan hníga;
sárt er að sjá hann
síðan hörðum
hneptan heldróma
hrifinn burtu.

7. Mænum vèr grátnir
af missi vorum,
ljúfmennið liðna!
að legstað þínum;
en vèr samfögnum
sælu þinni,
bróðir! í Jesú
bróður - skauti.



Lbs - Íslandssafn

100438922 - 1

